




Íslenski
lífeyrissjóðurinn

Hilton Nordica Hótel

Ársreikningur 2008

lagður fram á ársfundi sjóðsins
20. maí 2009

Deloitte.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á

Áritun óháðra endurskoðenda

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ábending

Mjög óvenjulegar og sérstakar aðstæður hafa skapast á fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., og þeirrar almennu óvissu sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur fjármálafyrirtækja landsins. Ekki er fyrir séð hvaða áhrif þetta ástand hefur á stöðu lífeyrissjóðsins.

Við viljum benda á skýringu nr. 13. er varða atburði eftir lok reikningsskiladags, en þar kemur m.a. fram að Fjármálaráðuneytið að tillögu FME skipaði umsjónaraðila með Íslenska lífeyrissjóðnum. Okkur er ekki kunnugt um forsendur þeirrar ákvörðunar eða hvaða áhrif þessi ráðstöfun hefur á rekstur sjóðsins í framtíðinni.

Kópavogur, 29. apríl 2009.

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
Endurskoðandi

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykkta er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og fjárfestingastefnu sjóðsins.

Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins

	2008	2007	2006	2005	2004
Líf 1	-22,5%	8,1%	20,4%	14,7%	12,2%
Líf 2	-20,7%	8,0%	19,4%	12,8%	11,4%
Líf 3	-19,7%	9,4%	14,5%	9,4%	12,0%
Líf 4	-19,2%	14,2%	11,3%		
Samtrygging	-18,4%	7,7%	19,6%	14,2%	10,1%

Virkir sjóðfélagar á árinu 2008 voru 21.096 talsins, en voru 20.251 í ársbyrjun. Til virkra sjóðfélaga í árslok 2008 teljast 20.355 einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu að viðbættum 741 lífeyrisþegum samanborið við 19.734 greiðendur árið 2007 og 517 lífeyrisþega. Í árslok var stærð sjóðsins 26.934.556.915, sem er um 9,4% lækkun á árinu.

Á árinu 2008 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og NBI hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Umsýsluþóknun Íslenska lífeyrissjóðsins til NBI hf. er nú 0,1% af eignum sjóðsins í árslok. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingarstefna sjóðsins tekur mið af. Árangurstengd þóknun er 20% af ávöxtun umfram viðmið sjóðsins. Samanlögð þóknun getur þó ekki farið umfram 0,5% af eignum. Árangurstengd þóknun er reiknuð sérstaklega fyrir samtryggingardeildina og hverja leið Lífsbrautarinnar. Engin þóknun reiknast vegna inneignar í Lífeyrisbók. Á árinu 2008 er umsýsluþóknun samtals 0,1% af eign sjóðsins í árslok. Sjóðurinn greiðir ekki árangurstengda þóknun fyrir árið 2008.

Árið 2008 var mjög erfitt fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn eins og aðra innlenda og erlenda lífeyrissjóði.

Fall íslensku bankanna, hrun íslensku krónunnar og samþykki Alþingis á neyðarlögunum í október 2008 hafði mjög neikvæð áhrif á eignir lífeyrissjóðsins. Á einni viku urðu flest skuldabréf íslenskra banka verðlaus. Innlán voru tekin fram fyrir skuldabréf banka í neyðarlögunum og stór hluti íslenskra fyrirtækja varð "tæknilega" gjaldþrota vegna versnandi skuldastöðu í kjölfar hruns krónunnar.

Dræma ávöxtun sjóðsins má rekja til verðfalls á skuldabréfum íslenskra banka og fyrirtækja og þá sérstaklega skuldabréfa Kaupþings Banka sem var í ársbyrjun stærsti útgefandi skuldabréfa á Íslandi á eftir Íbúðalánasjóði og íslenska ríkinu. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum var langt undir fjárfestingarstefnu sjóðsins og hann var ekki með neina opna gjaldmiðlasamninga við hrunið í október 2008.

Um áramót hefur sjóðurinn fært öll verðbréf Landsbanka Íslands, Kaupþings Banka og Glitnis niður um 100% og skuldabréf útgefin af fyrirtækjum verið færð verulega niður. Í ljósi versnandi efnahagsumhverfis ríkir ennþá óvissa um þá eign sem eftir er í skuldabréfum fyrirtækja.

Vegna mikillar varúðarniðurfærslu eigna á árinu 2008 er sjóðurinn ágætlega í stakk búinn til þess að standa af sér versnandi efnahagsumhverfi á árinu 2009. Stærsti hluti eigna sjóðsins er núna fjárfestur í tryggðum innlánnum og skuldabréfum með ríkisábyrgð.

Umsjónaraðili Íslenska lífeyrissjóðsins staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2009

Umsjónaraðili
Lára V. Júlíusdóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.693.814.518	2.363.549.829
Iðgjöld launagreiðenda		2.926.124.036	2.592.885.755
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(316.427.643)	664.799.189
		<u>5.303.510.911</u>	<u>5.621.234.773</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	503.050.517	365.242.673
Tryggingakostnaður		2.718.992	(1.572.566)
		<u>505.769.509</u>	<u>363.670.107</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		2.231.454	18.626.004
Vaxtatekjur og gengismunur	4	(1.723.223.895)	2.201.456.328
Breytingar á niðurfærslu eigna		(5.850.608.937)	0
		<u>(7.571.601.378)</u>	<u>2.220.082.332</u>

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

Fjárfestingargjöld	Skýr.	2008	2007
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	8.552.088	48.168.880
Vaxtagjöld		4.362.428	9.876.992
		<u>12.914.516</u>	<u>58.045.872</u>
 Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	23.808.501	105.007.596
		<u>23.808.501</u>	<u>105.007.596</u>
 (Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu		(2.810.582.993)	7.314.593.530
Hrein eign frá fyrra ári		<u>29.745.139.908</u>	<u>22.430.546.378</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>26.934.556.915</u>	<u>29.745.139.908</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2008

Eignir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	13.955.286.075	27.660.147.046
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	669.854.852	2.145.457.989
Bankainnstæður		6.983.520.177	95.399.158
		<u>21.608.661.104</u>	<u>29.901.004.193</u>
 Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	69.893.366	105.620.641
Aðrar kröfur	12	525.453.567	36.866.747
		<u>595.346.933</u>	<u>142.487.388</u>
 Aðrar eignir			
Sjóður og veltinnlán		4.941.202.302	75.952.075
		<u>4.941.202.302</u>	<u>75.952.075</u>
Eignir		<u>27.145.210.339</u>	<u>30.119.443.657</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2008

Skuldir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	12	107.381.465	180.167.724
		<u>107.381.465</u>	<u>180.167.724</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur			
Framvirkir samningar	10	0	62.434.412
Fyrirfram innheimtar tekjur		103.271.959	131.701.612
		<u>103.271.959</u>	<u>131.701.612</u>
Skuldir		<u>210.653.424</u>	<u>311.869.336</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>26.934.556.915</u>	<u>29.745.139.908</u>
Greining á hreinni eign á deildir			
Líf I		10.877.815.901	11.664.800.436
Líf II		6.612.146.290	7.488.081.897
Líf III		4.353.267.055	5.197.014.354
Líf IV		2.603.800.425	2.973.377.724
Sameign		2.487.527.244	2.421.865.497
		<u>26.934.556.915</u>	<u>29.745.139.908</u>

Sjóðstreymi ársins 2008

	2008	2007
Inngreiðslur		
Iðgjöld	5.353.129.698	5.594.718.530
Fjárfestingartekjur	1.149.031.295	789.313.507
Afborganir verðbréfa	52.902.189	134.570.252
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	35.831.878.768	22.987.760.294
Seld verðbréf með föstum tekjum	6.497.809.902	110.000.000
Aðrar inngreiðslur	(512.559.130)	0
	<u>48.372.192.722</u>	<u>29.616.362.583</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	505.365.850	372.741.132
Fjárfestingargjöld	1.663.988.087	7.455.526
Rekstrarkostnaður án afskrifta	102.088.377	72.313.434
Aðrar útgreiðslur	(28.244.868)	(105.568.322)
	<u>2.243.197.446</u>	<u>346.941.770</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum		
og annarri fjárfestingu	<u>46.128.995.276</u>	<u>29.269.420.814</u>

Sjóðstreymi ársins 2008

	2008	2007
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	28.384.328.274	29.882.489.104
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	5.991.295.754	1.541.638.911
Hækkun á bankainnstæðum	6.888.121.021	(2.202.314.508)
	<u>41.263.745.049</u>	<u>29.221.813.508</u>
 Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	 4.865.250.227	 47.607.306
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>75.952.075</u>	<u>28.344.769</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>4.941.202.302</u>	<u>75.952.075</u>



Takk fyrir

Hilton Nordica Hótel

Tryggingafræðileg athugun Íslenska lífeyrissjóðsins 2008

(samtryggingardeild)

Bjarni Guðmundsson

Íslenski lífeyrissjóðurinn 2008 Breytingar á árinu

- Óverulegar breytingar urðu á samþykktum sjóðsins
- Forsendur um lífs- og örorkulíkur eru óbreyttar frá fyrra ári
- Eignir töpuðust við hrun á fjármálamörkuðum

Íslenski lífeyrissjóðurinn Tryggingafræðileg staða í lok árs 2008


	Áfallnar	Framtíðar	Heildar
Eignir			
Bókfærð eign	2.487,5		2.487,5
Endurmat	161,4		161,4
Fjárfestingarkostnaður	-79,8		-79,8
Iðgjöld	0	11.168,2	11.168,2
Samtals	2.569,1	11.168,2	13.737,3
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	2.202,6	8.141,6	10.344,2
Örorkulífeyrir	858,7	1.981,5	2.840,2
Makalífeyrir	208,6	589,1	797,7
Barnalífeyrir	0,4	123,4	123,8
Rekstrarkostnaður	44,7	302,1	346,8
Samtals	3.315,0	11.137,7	14.452,7
Eign umfram skuldb.	-745,9	30,5	-715,4
Hlutfall skuldb.	-22,5%	0,3%	-4,9%

Íslenski lífeyrissjóðurinn Tryggingafræðileg staða í lok árs 2007

	Áfallnar	Framtíðar	Heildar
Eignir			
Bókfærð eign	2.421,9		2.421,9
Endurmat	132,8		132,8
Fjárfestingarkostnaður	-68,6		-68,6
Iðgjöld	0	9.081,0	9.081,0
Samtals	2.486,1	9.081,0	11.567,1
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.444,7	6.439,2	7.883,9
Örorkulífeyrir	639,0	1.666,0	2.305,0
Makalífeyrir	150,1	528,1	678,2
Barnalífeyrir	0,0	115,4	115,4
Rekstrarkostnaður	33,2	264,8	298,0
Samtals	2.267,0	9.013,5	11.280,5
Eign umfram skuldb.	219,1	67,5	286,6
Hlutfall skuldb.	9,7%	0,7%	2,5%

Íslenski lífeyrissjóðurinn 2008

sjóðfélagar með samtryggingarréttindi lok 2008



Íslenski lífeyrissjóðurinn 2008

- Skuldbindingar sjóðsins eru "eignir" sjóðfélaga:
- Um 5500 manns eiga réttindi í samtryggingardeild
- Meðal áunninn mánaðarlegur réttur virkra sjóðfélaga eru tæpar 20.000 kr
- Fyrir 69 ára sjóðfélaga í leið 1 með mánaðarlegan rétt kr. 20.000 þarf sjóðurinn að eiga um 2,5 milljónir

Takk fyrir

Hilton Nordica Hótel

Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Tryggvi Guðbrandsson


- Ávöxtun 2008
- Fjárfestingarstefna 2009

Árið 2008

- Eftir mikið góðæri á eignamörkuðum heimsins varð hrun á árinu 2008
 - Hlutabréfaverð hefur ekki lækkað meira síðan í kreppunni miklu
 - Fasteignaverð hrundi
 - Hrávöruverð lækkaði mikið
 - Bankar fóru á hausinn eða voru þjóðnýttir
 - Traust í viðskiptum hvarf
- Ísland var ekki undanskilið
 - Innlendur verðbréfamarkaður hvarf á árinu
 - Bankakerfið hrundi
 - Gjaldeyriskreppa
 - Stór hluti fyrirtækja á Íslandi urðu “tæknilega gjaldþrota”

Árið 2008

Ávöxtun markaða 2008




Ávöxtun 2008

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Líf I	-22,5%	-33,4%
Líf II	-20,7%	-31,9%
Líf III	-19,7%	-31,0%
Líf IV	-19,2%	-30,5%
Samtryggingardeild	-18,4%	-29,9%

Ávöxtun ársins 2008

- Tap einstakra leiða í Íslenska lífeyrissjóðnum stafar fyrst og fremst af miklu tapi af skuldabréfasafni sjóðsins.
 - Sjóðurinn hafði fjárfest í skuldabréfum banka og fyrirtækja.
 - Sjóðurinn vanmat þá áhættu sem fólst í því að hér yrði kerfishrun.
 - Sjóðurinn treysti að bankarnir stæðu styrkum fótum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að hún myndi styðja við bankakerfið.
 - Neyðarlögin sem sett voru í október 2008 höfðu afgerandi áhrif á stöðu sjóðsins.
 - Forgangsröð krafna var breytt og innlán sett í forgang.
- Sjóðurinn hafði farið út úr innlendum og erlendum hlutabréfum.
- Sjóðurinn hafði farið úr framvirkum gjaldeyrissamningum fyrir hrunið í október.

Ávöxtun LÍF I



Ávöxtun LÍF I til og með 3. okt. 9,25%

Lækkun milli 3. og 6. október -27,3%


Nafnávöxtun LÍF I 2008 -22,5%

Ávöxtun LÍF I

- Eftirfarandi bréf/sjóðir áttu stærstan þátt í mikilli lækkun LÍF I í byrjun október

Félag/sjóður	Heildartap	Lækkun	Hlutdeild
Fyrirtækjabréf	-1.772.664.444	-63%	-11,49%
Peningabréf	-1.555.915.009	-31%	-10,08%
Peningabréf USD	-304.491.284	-33%	-1,97%
Peningabréf EUR	-137.910.672	-26%	-0,89%
Markaðsbréf - löng	-115.931.147	-12%	-0,75%
Úrvalsbréf	-111.529.689	-64%	-0,72%
Samtals	-3.998.442.245		-25,91%

Ávöxtun LÍF IV



Ávöxtun LÍF IV til og með 3. okt. 16,9%

Lækkun milli 3. og 6. október -31,6%

Nafnávöxtun LÍF IV 2008 -19,2%

Ávöxtun LÍF IV

- Eftirfarandi bréf/sjóðir áttu stærstan þátt í mikilli lækkun LÍF IV í byrjun október

Félag/sjóður	Heildartap	Lækkun	Hlutdeild
Fyrirtækjabréf	-777.416.066	-63%	-19,56%
Peningabréf	-248.962.870	-31%	-6,26%
Markaðsbréf - stutt	-53.478.235	-9%	-1,35%
Markaðsbréf - meðallöng	-50.724.914	-8%	-1,28%
Markaðsbréf - löng	-78.861.476	-12%	-1,98%
Samtals	-1.209.443.561		-30,43%

Stærstu eignir í Fyrirtækja- og Peningabréfum

- Eignir sjóðana við lokun þeirra 6. okt. 2008

Fyrirtækjabréf

Samson Eignarhaldsfélag	19,5%
Hagar	14,5%
Landic	6,5%
Exista	4,2%
Marel	3,4%
Bakkavör	3,4%
365 (OgVodafone)	3,3%
Mosaic	3,0%
Teymi	2,2%
Egla	2,0%

Peningabréf

Kaupping	32,3%
Landsbanki	14,3%
Straumur	13,2%
Baugur	12,8%
Eimskip	8,4%
Samson	5,2%
Atorka	4,1%
FL Group/Stoðir hf.	3,9%
Mosaic	1,9%
Sparisjóður Bolungarv.	0,2%

Skv. upplýsingum frá Landsbankanum

Stýring Íslenska lífeyrissjóðsins

- Undanfarinn áratug hafa sjóðstjórar notað verðbréfasjóði við eignastýringu sjóðsins
 - Mest hafa verið notaðir sjóðir Landsvaka
 - Ákvörðun um kaup/sölu einstakra verðbréfa í raun úthýst til sérfræðinga innan Landsvaka
- Þetta fyrirkomulag hafði reynst vel bæði hvað varðar ávöxtun, áhættudreifingu og hagræði í rekstri.
- Við hrunið í október 2008 og aðdraganda þess brást þetta módel
 - Miklar innlausnir og sölutregða undirliggjandi eigna mynduðu ójafnvægi í verðbréfasjóðunum
 - Samsetning þeirra breyttist mikið á stuttum tíma rétt fyrir hrun
 - Við hrunið var eignasamsetning verðbréfasjóðanna ekki í takt við væntingar sjóðstjóra

- Ávöxtun 2008
- Fjárfestingarstefna 2009

Fjárfestingarstefna 2009

- Við mótun fjárfestingarstefnu er stuðst við:
 - Áhættuþol einstakra leiða sjóðsins
 - Söguleg ávöxtun eignaflokka
 - Flökt í ávöxtun
- Við mótun fjárfestingarstefnu fyrir árið 2009 var vikið frá hefðbundnum fræðum um samval verðbréfa.
 - Óskilvirkir markaðir
 - Ómögulegt að meta fjárfestingakosti vegna óvirkni gjaldeyrismarkaðar.
- Í staðinn var byggð upp varfærinn fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Fjárfestingarstefna Líf I	2008			2009		
	Lágmark	Hámark	Stefna	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán	0%	100%	0,0%	0%	90%	35,0%
Innlend skuldabréf	0%	100%	20,0%	10%	100%	35,0%
ábyrgð ríkis	0%	100%	5,0%	10%	100%	25,0%
fjármálastofnanir	0%	50%	6,0%	0%	10%	0,0%
sveitarfélög	0%	50%	2,0%	0%	20%	5,0%
önnur verðbréf	0%	50%	7,0%	0%	20%	5,0%
Innlend hlutabréf	0%	40%	20,0%	0%	0%	0,0%
Erlend hlutabréf	0%	50%	40,0%	0%	50%	20,0%
Erlend skuldabréf	0%	15%	5,0%	0%	30%	0,0%
Framsæknar fjárfestingar	0%	20%	15,0%	0%	10%	10,0%

Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Fjárfestingars. Líf II og samtr.	2008			2009		
	Lágmark	Hámark	Stefna	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán	0%	100%	0,0%	0%	85%	40,0%
Innlend skuldabréf	20%	100%	42,0%	15%	100%	42,5%
ábyrgð ríkis	0%	100%	7,5%	15%	100%	30,0%
fjármálastofnanir	0%	50%	14,0%	0%	10%	0,0%
sveitarfélög	0%	50%	3,0%	0%	20%	7,5%
önnur verðbréf	0%	50%	17,5%	0%	20%	5,0%
Innlend hlutabréf	0%	30%	15,0%	0%	0%	0,0%
Erlend hlutabréf	0%	40%	28,0%	0%	30%	10,0%
Erlend skuldabréf	0%	15%	5,0%	0%	30%	0,0%
Framsæknar fjárfestingar	0%	12%	10,0%	0%	10%	7,5%

Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Fjárfestingarstefna Líf III	2008			2009		
	Lágmark	Hámark	Stefna	Lágmark	Hámark	Stefna
Innlán	0%	100%	0,0%	0 %	80 %	45,0 %
Innlend skuldabréf	54 %	100 %	72,5 %	20 %	100 %	45,0 %
ábyrgð ríkis	10%	100%	10,0%	20%	100%	32,5%
fjármálastofnanir	0%	50%	28,5%	0%	10%	0,0%
sveitarfélög	0%	50%	5,0%	0%	20%	7,5%
önnur verðbréf	0%	50%	29,0%	0%	20%	5,0%
Innlend hlutabréf	0 %	10 %	7,5 %	0%	0%	0,0%
Erlend hlutabréf	0 %	20 %	12,0 %	0 %	10 %	5,0 %
Erlend skuldabréf	0 %	10 %	3,0 %	0 %	30 %	0,0 %
Framsæknar fjárfestingar	0 %	6 %	5,0 %	0 %	8 %	5,0 %

Fjárfestingarstefna Íslenska lífeyrissjóðsins

Fjárfestingarstefna Líf IV	2008			2009		
	Lágmark	Hámark	Steina	Lágmark	Hámark	Steina
Innlán	0 %	50 %	10,0 %	0 %	75 %	50,0 %
Skuldabréf	0 %	100 %	80,0 %	25 %	100 %	50,0 %
ábyrgð ríkis	0%	100%	10,0%	25%	100%	35,0%
fjármálastofnanir	0%	50%	30,0%	0%	10%	0,0%
sveitarfélög	0%	50%	5,0%	0%	20%	10,0%
önnur verðbréf	0%	50%	35,0%	0%	25%	5,0%
Erlend skuldabréf*	0 %	50 %	10,0 %	0 %	30 %	0,0 %





Aðrar áherslur

- Reynum að vinna út frá þeim eignum sem fyrir er í sjóðnum.
 - Minnka vægi fyrirtækjabréfa eins og kostur er.
 - Gjaldeyrishöftin setja takmarkanir á erlendar fjárfestingar.
- Aukinn áhersla á að fjárfesta í einstökum bréfum í stað sjóða.
- Nýta sjóði t.d fyrir erlend verðbréf.
 - Til að ná nauðsynlegri áhættudreifingu
- Sjóðurinn er ekki með neina óuppgerða gjaldeyrissamninga
- Öll skuldabréf á gömlu bankana hafa verið afskrifuð að fullu.

Horfur fyrir árið 2009


- Innlendur hlutabréfamarkaður er horfinn.
- Markaður með fyrirtækjaskuldabréf er lokaður
- Mikil óvissa um gengi krónunnar og áframhaldandi gjaldeyrishöft.
- Óvissa um hversu mikið stýrivextir verða lækkaðir.
- Erlendir markaðir hafa lækkað mikið samt treysta menn sér ekki til að “kalla botninn”.
- **Þess vegna verður það markmið ársins að leggja áherslu á varfærni í fjárfestingum.**

Eignasamsetning sjóðsins



Eignasamsetning m.v. 19 maí 2009

Árið fer vel af stað....



Takk fyrir